



Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 04120008	Ábmr.	FP
Db.	022-66	Aðrir	
Mótt.	10.04.07	Svarfr.	
Aths.		LVM	

Alþingi, 16. mars 2007.

Stjórnarskrárnefnd,
hr. Jón Kristjánsson formaður.


Sérnefnd um stjórnarskrármál hefur fjallað um 683. mál, stjórnarskipunarlög (þjóðareign á náttúruauðlindum).

Meiri hluti nefndarinnar hefur samþykkt svofellda bókun:

Sérnefnd um stjórnarskrármál hefur undanfarna daga haft til umfjöllunar frumvarp forsætisráðherra og iðnaðar- og viðskiptaráðherra um auðlindaákvæði í stjórnarskrá. Í umræðum um málið og málsmeðferð nefndarinnar hefur orðið ljóst að ekki er fyrir hendi sú víðtæka samstaða um málið og afgreiðslu þess sem vonast hafði verið eftir í upphafi af hálfu flutningsmanna. Jafnframt hafa komið fram ýmis sjónarmið og athugasemdir frá sérfræðingum við frumvarpið, sem þarfnast að mati nefndarinnar frekari skoðunar. Með hliðsjón af þessu og því að skammur tími er nú til loka þings og mörg mál þar óafgreidd telur nefndin ekki raunhæft að ljúka með fullnægjandi hætti efnislegri umfjöllun og ná sameiginlegri niðurstöðu um ákvæðið að svo stöddu. Nefndin telur því rétt að beina því til stjórnarskrárnefndar forsætisráðherra, sem starfað hefur frá ársbyrjun 2005 og skipuð er fulltrúum allra þingflokka, að hún taki þetta mál til sérstakrar umfjöllunar og fari yfir þau pólitísku og lögfræðilegu álitamál sem fram hafa komið í málinu.

Með hliðsjón af ofangreindu er því hér með beint til stjórnarskrárnefndar að taka málið til umfjöllunar. Meðfylgjandi sendast öll gögn sem sérnefnd um stjórnarskrármál studdist við í vinnu sinni og listi yfir þá gesti sem komu á fund nefndarinnar.

F.h. formanns sérnefndar um stjórnarskrármál


Sigrún Brynja Einarsdóttir
nefndaritari

SÉRNEFND UM STJÓRNARSKRÁRMÁL

**Gestir sérnefndar um stjórnarskrármál við umfjöllun um 683. mál, stjórnarskipunarlög
(þjóðareign á náttúruauðlindum)**

Páll Þórhallsson lögfræðingur

Eiríkur Tómasson prófessor
Björg Thorarensen prófessor
Gunnar Helgi Kristinsson prófessor

Sigurður Líndal prófessor
Skúli Magnússon dósent

Guðrún Gauksdóttir dósent
Ragnhildur Helgadóttir prófessor

Magnús Thoroddsen hrl.

Friðrik J. Arngrímsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna
Björgólfur Jóhannsson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna
Eiríkur Tómasson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna

Sigurgeir Þorgrímsson frá Bændasamtökum Íslands

Eiríkur Bogason frá Samorku

Ragnar Árnason prófessor
Þórólfur Matthíasson prófessor
Tryggvi Þór Herbertsson prófessor
Gunnar Ólafur Haraldsson aðjúkt

Vilhjálmur Birgisson frá Starfsgreinasambandi Íslands
Skúli Thoroddsen frá Starfsgreinasambandi Íslands
Bjarni M. Jónsson frá Samtökum eigenda sjávarjarða
Björn Erlendsson frá Samtökum eigenda sjávarjarða
Árni Snæbjörnsson frá Samtökum eigenda sjávarjarða
Sævar Gunnarsson frá Sjómannasambandi Íslands
Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands

Birgir Tjörvi Pétursson frá Rannsóknastofnun um samfélags- og efnahagsmál
Davíð Þorláksson lögfræðingur
Sigurgeir Brynjar Kristjánsson frá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum og formaður
Útvegsbændafélags Vestmannaeyinga